

## FORSETAÚRSKURÐUR

### um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

*Forsætisráðuneyti.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

**Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

3. gr.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.*

**Gunnar Bragi Sveinsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 3., 6. og 7. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

**Ragnheiður Elín Árnadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2., 4., 5., og 8. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *iðnaðar- og viðskiptaráðherra*.

4. gr.

*Innanríkisráðuneyti.*

**Ólöf Nordal** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innanríkisráðherra*.

5. gr.

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti.*

**Illugi Gunnarsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra*.

6. gr.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.*

**Sigrún Magnúsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

7. gr.

*Utanríkisráðuneyti.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

8. gr.

*Velferðarráðuneyti.*

**Kristján Þór Júlíusson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 1. tölul., c–f-liðum 3. tölul., 4.-6. tölul. og 10. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

**Eygló Harðardóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir velferðarráðuneytið skv. 2. tölul., a-, b- og h-lið 3. tölul. og 7.-9. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og húsnæðismálaráðherra*.

Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra, með síðari breytingum.

*Gjört á Bessastöðum, 7. apríl 2016.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigurður Ingi Jóhannsson.*